

# **DELTA KAPPA GAMMA**

## **Félag kvenna í fræðslustörfum**

### **Lög og reglugerð**

### **landssambands og deilda**

**Endurskoðuð útgáfa**

**samþykkt á landssambandsþingi DKG**

**6. maí 2007**

**Lögð fyrir landssambandsþing, aðalfund 17. maí 2009**

**Með lítilsháttar breytingum í samræmi við ábendingar**

**frá höfuðstöðvum DKG**

**2008**

## Efnisyfirlit:

|                                                 |   |
|-------------------------------------------------|---|
| DELTA KAPPA GAMMA .....                         | 1 |
| Félag kvenna í fræðslustörfum .....             | 1 |
| Endurskoðuð útgáfa.....                         | 1 |
| 1. lagagrein – NAFN .....                       | 5 |
| A.  Alþjóðasamtökin .....                       | 5 |
| B.  Landssamband og deildir .....               | 5 |
| 2. lagagrein – HLUTVERK .....                   | 5 |
| A.  Hlutverk.....                               | 5 |
| B.  Stefnuyfirlýsing.....                       | 5 |
| 3. lagagrein – FÉLAGSKONUR.....                 | 5 |
| A.  Aðild.....                                  | 5 |
| B.  Félagskonur .....                           | 5 |
| C.  Kosning félagskvenna .....                  | 5 |
| D.  Flutningur félagsréttinda .....             | 6 |
| E.  Missir félagsréttinda .....                 | 6 |
| F.  Inntaka félagskvenna að nýju .....          | 6 |
| 4. lagagrein – FJÁRMÁL.....                     | 6 |
| A.  Inntökugjald .....                          | 6 |
| B.  Árgjöld.....                                | 6 |
| C.  Gjald fyrir heiðursfélaga .....             | 6 |
| D.  Námsstyrkjagjald.....                       | 6 |
| E.  Fjárhagsár .....                            | 6 |
| F.  Greiðsla gjalda.....                        | 6 |
| G.  Önnur gjöld .....                           | 6 |
| 5. lagagrein – SKIPULAG SAMTAKANNA .....        | 6 |
| A.  Skipulag samtakanna.....                    | 6 |
| B.  Skipulag deilda .....                       | 6 |
| C.  Skipulag landssambands .....                | 7 |
| D.  Alþjóðasamtökin .....                       | 7 |
| 6. lagagrein – STJÓRN OG AÐRIR STARFSMENN ..... | 7 |
| A.  Stjórn landssambands og deilda .....        | 7 |
| B.  Störf og skyldur .....                      | 7 |
| Landssamband.....                               | 7 |
| Deild .....                                     | 8 |
| C.  Kosning og kjörtímabil.....                 | 8 |

## Delta Kappa Gamma – lög og reglugerðir

|     |                                                  |    |
|-----|--------------------------------------------------|----|
| 1.  | Landssamband.....                                | 8  |
| 2.  | Deild.....                                       | 8  |
| 7.  | lagagrein – FRAMKVÆMDARÁÐ.....                   | 8  |
| A.  | Landssamband.....                                | 8  |
| B.  | Deild .....                                      | 9  |
| 8.  | lagagrein – NEFNDIR.....                         | 9  |
| A.  | Um nefndir .....                                 | 9  |
| B.  | Fastanefndir .....                               | 9  |
| C.  | Starfssvið fastanefnda .....                     | 9  |
| D.  | Vinnunefndir.....                                | 10 |
| 9.  | lagagrein – STARFSSVIÐ .....                     | 10 |
| A.  | Þing og fundir.....                              | 10 |
| 1.  | Landssamband.....                                | 10 |
| 2.  | Deild.....                                       | 10 |
| B.  | Útgáfustarfsemi .....                            | 10 |
| C.  | Upplýsingatækni.....                             | 10 |
| 10. | lagagrein – SJÓÐIR .....                         | 10 |
| 1.  | Félagssjóður .....                               | 10 |
| 2.  | Stofnsjóður landssambandsins .....               | 10 |
| 3.  | Námsstyrkjasjóður.....                           | 11 |
| 11. | lagagrein – LAGABREYTINGAR .....                 | 11 |
|     | Tillögur að lagabreytingum .....                 | 11 |
| 12. | lagagrein – FÉLAGSSLIT .....                     | 11 |
| 13. | lagagrein – REGLUGERÐ.....                       | 11 |
| 1.  | gr. (3. lagagrein) – FÉLAGSKONUR.....            | 11 |
| A.  | Aðild .....                                      | 11 |
| B.  | Félagskonur.....                                 | 11 |
| C.  | Kosning félagskvenna.....                        | 12 |
| D.  | Flutningur félagsréttinda.....                   | 12 |
| E.  | Missir félagsréttinda.....                       | 12 |
| F.  | Inntaka félagskvenna að nýju .....               | 12 |
| 2.  | gr. (4. lagagrein) – FJÁRMÁL .....               | 12 |
| A.  | Árgjald .....                                    | 12 |
| B.  | Inntökugjald .....                               | 12 |
| 3.  | grein (5. lagagrein) – SKIPULAG SAMTAKANNA ..... | 12 |
|     | Skipulag landssambands .....                     | 12 |
|     | Stofnun nýrrar deildar .....                     | 13 |

|                                                      |    |
|------------------------------------------------------|----|
| 4. grein (6. lagagrein) – KOSNING OG KJÖRGengi ..... | 13 |
| Landssamband .....                                   | 13 |
| 2. Deild.....                                        | 13 |
| 5. grein (7. lagagrein) – FRAMKVÆMDARÁÐ.....         | 13 |
| Landssamband .....                                   | 13 |
| Deild .....                                          | 13 |
| 6. grein (8. lagagrein) – NEFNDIR .....              | 13 |
| A. Störf fastanefnda .....                           | 13 |
| B. Skipan og hlutverk fastanefnda.....               | 14 |
| Félagssvið.....                                      | 14 |
| 1. Laganefnd.....                                    | 14 |
| 2. Útbreiðslunefnd.....                              | 14 |
| 3. Fjárhagsnefnd .....                               | 14 |
| 4. Uppstillingarnefnd.....                           | 14 |
| Verkefnasvið.....                                    | 14 |
| 5. Menntamálanefnd.....                              | 14 |
| 6. Útgáfunefnd.....                                  | 15 |
| 7. Námsstyrkjanefnd.....                             | 15 |
| C. Vinnunefndir.....                                 | 15 |
| 7. grein (9. lagagrein) – STARFSSVIÐ .....           | 15 |
| A. Landssamband.....                                 | 15 |
| B. Deildir .....                                     | 15 |
| 8. grein (12. lagagrein) – FÉLAGSSLIT .....          | 16 |
| 9. grein (13. lagagrein) – REGLUGERÐ .....           | 16 |

## Lög Delta Kappa Gamma á Íslandi

### 1. lagagrein – NAFN

#### A. Alþjóðasamtökin

Alþjóðasamtökin heita THE DELTA KAPPA GAMMA SOCIETY INTERNATIONAL. Á Íslandi eru samtökin nefnd Delta Kappa Gamma – Félag kvenna í fræðslustörfum.

#### B. Landssamband og deildir

Landssambönd og deildir innan þeirra skulu nefnd grískum bókstaf eða bókstöfum.

### 2. lagagrein – HLUTVERK

#### A. Hlutverk

Hlutverk DELTA KAPPA GAMMA samtakanna er:

1. Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslumálum víðs vegar í heiminum.
2. Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
3. Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
4. Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
5. Að veita konum sem skara fram úr í menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
6. Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
7. Að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

#### B. Stefnuyfirlýsing

Alþjóðasamtökin DELTA KAPPA GAMMA stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og upplýsingastörfum.

### 3. lagagrein – FÉLAGSKONUR

#### A. Aðild

Konur er boðin þátttaka í DELTA KAPPA GAMMA samtökunum. Þær sem teknar eru inn í samtökin hljóta réttindi sem félagskonur í deild, landssambandi og alþjóðasamtökunum.

#### B. Félagskonur

1. Virkar félagskonur eru konur sem starfa að menntamálum þegar þær eru teknar inn í samtökin og hafa a.m.k. þriggja ára reynslu á því sviði eða konur sem hafa látið af störfum í menntageiranum innan tveggja ára. Virkar félagskonur skulu taka fullan þátt í störfum samtakanna.
2. Aukafélagskonur eru konur sem áður hafa verið virkar félagskonur, en eru ófærar um að taka að fullu þátt í starfi deildarinnar af heilsufarsástæðum og/eða vegna búsetu. Heimild til að gerast aukafélagskonur er veitt með meirihluta atkvæða deildar. Sæki aukafélagskona um að gerast virk félagskona að nýju þarf einnig samþykki meirihluta atkvæða deildar.
3. Heiðursfélagar eru konur sem ekki eru kjörgengar sem virkar félagskonur en hafa unnið umtalsverð störf á sviði fræðslumála eða í þágu kvenna og er kosning þeirra í samtökin viðurkenning fyrir þau störf. Þeim er heimilt að taka þátt í allri starfsemi samtakanna en þær eru ekki kjörgengar í embætti.

#### C. Kosning félagskvenna

1. Kosið skal um inntöku nýrra félagskvenna á deildarfundi og ákveður hver deild hvernig kosningu skal hagað.
2. Heiðursfélagar eru kosnir á eftirfarandi máta:
  - a) Heiðursfélagar deilda eru kosnir á deildarfundi og ákveður deildin hvernig kosningu skal hagað.

- b) Heiðursfélagar landssambands eru kosnir á þann hátt sem framkvæmdaráð ákveður.

#### **D. Flutningur félagsréttinda**

Virkar félagskonur og aukafélagskonur geta flust milli deilda. Umsóknir skal senda til aðalstöðva samtakanna.

#### **E. Missir félagsréttinda**

Félagsréttindi í samtökunum glatast af einni af eftirfarandi ástæðum: Greiði félagskona ekki tilskilin gjöld, segi sig úr samtökunum eða látist.

#### **F. Inntaka félagskvenna að nýju**

Veita má fyrrverandi félagskonu inngöngu í deild að nýju að undangenginni kosningu sæki hún um það og ákveður hver deild hvernig kosningu er háttað.

### **4. lagagrein – FJÁRMÁL**

#### **A. Inntökugjald**

Inntökugjald er 10 Bandaríkjadali. Heiðursfélagar greiða ekki inntökugjald.

#### **B. Árgjöld**

Allar virkar félagskonur og aukafélagskonur greiða árgjald til deildar, landssambands og alþjóðasamtaka.

1. Gjaldið til alþjóðasamtakanna er ákveðið í samræmi við starfsreglur þeirra (International Standing Rules).
2. Landssambandsgjald er ákveðið á landssambandsþingi sbr. reglugerð.
3. Gjald til deildar er ákveðið á aðalfundi deildar.

#### **C. Gjald fyrir heiðursfélaga**

Sérstakt gjald fyrir rit alþjóðasamtakanna skal greitt í eitt skipti fyrir öll fyrir hvern heiðursfélaga við inntöku hans. Gjaldið nemur 50 Bandaríkjadöllum og greiðist af viðkomandi deild eða landssambandi.

#### **D. Námsstyrkjagjald**

Allar virkar félagskonur og aukafélagskonur greiða árlegt námsstyrkjagjald sem nemur einum Bandaríkjadali.

#### **E. Fjárhagsár**

Fjárhagsár samtakanna er frá 1. júlí til 30. júní.

#### **F. Greiðsla gjalda**

1. Árleg gjöld skal greiða fyrir 31. október ár hvert. Hafi félagskona ekki lokið greiðslum fyrir þann tíma fellur hún út af félagaskrá.
2. Inntökugjald og önnur gjöld þeirra sem teknir eru inn í félagið eftir 1. júlí og fyrir 1. apríl skulu greidd við inntöku. Sá hluti gjaldanna sem fara á til landssambands og alþjóðasamtaka skal sendur strax til gjaldkera landssambands.
3. Félagskonur sem teknar eru inn eftir 1. apríl og fyrir 1. júlí greiða aðeins inntökugjald. Sá hluti gjaldanna sem fara á til landssambands og alþjóðasamtakanna skal sendur strax til gjaldkera landssambands. Árgjald og námsstyrkjagjald næsta árs skal greitt eigi síðar en 31. október.

#### **G. Önnur gjöld**

Önnur gjöld en að framan greinir má einungis deild leggja á félagskonur.

### **5. lagagrein – SKIPULAG SAMTAKANNA**

#### **A. Skipulag samtakanna**

Alþjóðasamtökin greinast í svæðasambönd sem aftur greinast í landssambönd. Landssamböndin skiptast í deildir. Landssamband nær yfir landið allt en deild yfir afmarkað svæði.

#### **B. Skipulag deilda**

1. Framkvæmdaráð landssambands ákveður umdæmi deilda. Engri deild er heimilt að bjóða félagskonum úr öðrum umdæmum inngöngu.

## Delta Kappa Gamma – lög og reglugerðir

2. Stjórn landssambands skipuleggur nýjar deildir í samræmi við ákvæði í reglugerð. Hver deild skal hafa minnst 12 félagskonur. Alþjóðasamtökin leggja fram deildarstofnskrá.
3. Stofnfélagar deildar eru þær konur sem verða fullgildar félagskonur á stofnfundi deildarinnar. Sérhver félagskona sem flytur félagsréttindi sín í nýja deild á stofnfundi hennar verður stofnfélagi í nýju deildinni.
4. Allar deildir skulu hafa reglugerð í samræmi við alþjóðalög DELTA KAPPA GAMMA og reglugerð landssambandsins.

### C. Skipulag landssambands

1. Útbreiðslunefnd alþjóðasamtakanna skal skipuleggja landssamband að fengnu samþykki framkvæmdaráðs alþjóðasamtakanna. Landssamband verður að hafa minnst 12 en mest 16 stofnfélaga. Alþjóðasamtökin leggja fram landssambandsstofnskrá.
2. Allar deildir á landinu skulu tilheyra landssambandinu og þar með allar félagskonur í þeim.
3. Landssamband skal hafa reglugerð sem er í samræmi við lög alþjóðasamtakanna og gildir fyrir landssambandið og deildir þess.

### D. Alþjóðasamtökin

Landssambandið er hluti svæðasambands landa/ríkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð alþjóðasamtakanna. Fyrstu tólf stofnendur DELTA KAPPA GAMMA í hverju landi/ríki skulu bera nafnið STOFNENDUR samtakanna (FOUNDERS).

## 6. lagagrein – STJÓRN OG AÐRIR STARFSMENN

### A. Stjórn landssambands og deilda

#### Landssamband

Stjórn landssambands skipa forseti, fyrsti varaforseti og ritari allir kjörnir. Gjaldkeri er valinn af framkvæmdaráði. Heimilt er að kjósa annan varaforseta og/eða bréfitara.

#### Deild

Stjórn deildar skipa formaður, varaformaður og ritari allir kjörnir. Gjaldkeri er valinn af framkvæmdaráði. Heimilt er að kjósa annan varaformann og/eða bréfitara.

### B. Störf og skyldur

#### Landssamband

1. **Forseti**  
Forseti landssambands fer með yfirstjórn sambandsins og stjórnar fundum framkvæmdaráðs og stjórnar. Hann situr í framkvæmdaráði alþjóðasamtakanna og kemur fram fyrir hönd landssambandsins út á við. Forseti skipar lögsögumann, nefndir og varamenn fyrir þá, sem forfallast, í samráði við stjórn. Hann annast ásamt stjórninni daglegan rekstur landssambandsins og sér um framkvæmd á ákvörðunum framkvæmdaráðs. Hann skal veita samþykki fyrir útgjöldum og útgáfu efnis á vegum landssambandsins. Hann skal sitja án atkvæðisréttar í fjárhagsnefnd og hafa eftirlit með fjármálum.
2. **Varaforseti**
  - a) Fyrsti varaforseti gegnir störfum forseta í forföllum hans svo og þeim störfum sem framkvæmdaráð eða forseti felur honum að annast á kjörtímabilinu.
  - b) Annar varaforseti tekur við störfum varaforseta í forföllum hans eða við störfum forseta ef báðir forfallast. Einnig gegnir hann störfum sem framkvæmdaráð eða forseti felur honum.
3. **Ritari**  
Ritari ritar fundargerðir stjórnar, framkvæmdaráðs og landssambandsþings. Hann annast einnig bréfaskriftir í samráði við forseta ef ekki er sérstakur bréfitari í stjórn.
4. **Bréfitari**  
Bréfitari annast bréfaskriftir í samráði við forseta.
5. **Gjaldkeri**  
Gjaldkeri annast innheimtu, greiðslur og bókhald, heldur nákvæma reikninga, annast bankaviðskipti og varðveitir fylgiskjöl. Hann ákvættar fé landssambands og gerir stjórn og framkvæmdaráði grein fyrir fjárhagssstöðu á fundum. Þá leggur hann fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi. Gjaldkeri situr fundi framkvæmdaráðs og fjárhagsnefndar án atkvæðisréttar ef honum er greitt fyrir störf sín. Gjaldkeri skal beita viðeigandi starfsháttum til að tryggja öryggi í meðferð og ráðstöfun fjár landssambandsins í samræmi við störf fjárhagsnefndar og samþykktir þar að lútandi.

6. **Lögsögumaður**

Lögsögumaður er ráðgefandi fyrir stjórn og framkvæmdaráð um lög samtakanna og túlkun þeirra. Hann situr fundi framkvæmdaráðs og stjórnar án atkvæðisréttar. Forseti skipar lögsögumann.

**Deild**

1. **Formaður**

Formaður deildar stjórnar fundum framkvæmdaráðs og stjórnar. Hann situr í framkvæmdaráði landssambandsins og kemur fram fyrir hönd deildarinnar út á við. Formaður skipar lögsögumann, nefndir og varamenn fyrir þá, sem forfallast, í samráði við stjórn. Hann annast ásamt stjórninni daglegan rekstur deildarinnar og sér um framkvæmd á ákvörðunum framkvæmdaráðs. Hann skal veita samþykki fyrir útgjöldum og hefur eftirlit með fjármálum.

2. **Varaformaður**

- a) Fyrsti varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans svo og þeim störfum sem framkvæmdaráð eða formaður felur honum að annast á kjörtímabilinu.
- b) Annar varaformaður tekur við störfum varaformanns í forföllum hans eða við störfum formanns ef báðir forfallast. Einnig gegnir hann störfum sem framkvæmdaráð eða formaður felur honum.

3. **Ritari**

Ritari ritar fundargerðir stjórnar, framkvæmdaráðs og funda í deildinni. Hann annast einnig bréfaskriftir í samráði við formann ef ekki er sérstakur bréfitari í stjórn.

4. **Bréfitari**

Bréfitari annast bréfaskriftir í samráði við formann.

5. **Gjaldkeri**

Gjaldkeri annast innheimtu, greiðslur og bókhald, heldur nákvæma reikninga, annast bankaviðskipti og varðveitir fylgiskjöl. Hann ávaxtar fé deildar og gerir stjórn og framkvæmdaráði grein fyrir fjárhagsstöðu á fundum. Þá leggur hann fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi. Gjaldkeri situr fundi framkvæmdaráðs án atkvæðisréttar ef honum er greitt fyrir störf sín. Gjaldkeri skal beita viðeigandi starfsháttum til að tryggja öryggi í meðferð og ráðstöfun fjár deildarinnar í samræmi við störf fjárhagsnefndar og samþykktir þar að lútandi.

6. **Lögsögumaður**

Lögsögumaður er ráðgefandi fyrir stjórn og framkvæmdaráð um lög samtakanna og túlkun þeirra. Hann situr fundi framkvæmdaráðs og stjórnar án atkvæðisréttar. Formaður skipar lögsögumann.

**C. Kosning og kjörtímabil**

1. **Landssamband**

- a) Embættismenn, nema gjaldkeri, skulu kjörnir á landssambandsþingi á hverju oddatöluári.
- b) Kosning skal fara fram samkvæmt ákvæðum í reglugerð
- c) Kjörtímabil er tvö ár eða þar til eftirmaður hefur verið fundinn og enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum. Embættismenn taka við störfum 1. júlí, þeim næsta á eftir kosningu þeirra.
- d) Framkvæmdaráð velur gjaldkera.

2. **Deild**

- a) Embættismenn deildar, nema gjaldkeri, eru kosnir á aðalfundi hvert ár þegar ártalið er jöfn tala. Meirihluti greiddra atkvæða ræður kosningu.
- b) Kjörtímabil er tvö ár eða þar til eftirmaður hefur verið fundinn. Enginn má gegna sama embætti lengur en tvö kjörtímabil í senn, að gjaldkera undanskildum.
- c) Stjórn deildar velur gjaldkera til tveggja ára.

**7. lagagrein – FRAMKVÆMDARÁÐ**

**A. Landssamband**

- 1. Framkvæmdaráð skipa: Stjórn landssambandsins, fráfaramenn forseti þess og formenn deilda. Gjaldkeri og lögsögumaður sambandsins eiga einnig sæti í ráðinu en án atkvæðisréttar, þ.e.a.s. hvað gjaldkera viðvíkur, ef honum er greitt fyrir gjaldkerastarfið.

## Delta Kappa Gamma – lög og reglugerðir

### 2. Framkvæmdaráð skal:

- a) gera tillögur um verkefni og framkvæmd þeirra og leggja fyrir landssambandsþing eða deildir til athugunar,
- b) taka afstöðu til fjárhagsáætlana og hafa eftirlit með fjárreiðum sambandsins,
- c) velja gjaldkera og annað starfslið, ef þess gerist þörf,
- d) hafa yfirumsjón með fjármálum sambandsins og samþykkja fjárhagsáætlun. (Forseti og gjaldkeri hafa ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu fjárhagsáætlunar).
- e) ákveða stað og stund landssambandsþings,
- f) afgreiða mál sem ekki geta beðið til næsta landssambandsþings.
- g. samþykkja fjárhagsáætlun landssambandsins ár hvert.

### 3. Fundir framkvæmdaráðs

- a) Framkvæmdaráð skal halda a.m.k. einn fund á ári. Forseti getur boðað til aukafunda.
  - b) Geti formaður deildar ekki sótt framkvæmdaráðsfund er honum heimilt að senda staðgengil sinn sem nýtur fullra réttinda.
  - c) Mál telst því aðeins samþykkt að það hljóti atkvæði meirihluta allra atkvæðisbærra manna í ráðinu.
4. Kjörnir stjórnarmenn annast, fyrir hönd framkvæmdaráðs, afgreiðslu mála milli funda framkvæmdaráðs.
5. Framkvæmdaráði er heimilt að afgreiða mál bréflega ef bráð nauðsyn krefur.

### B. Deild

1. Framkvæmdaráð skipa: Stjórn deildar og fráfaramenn formaður. Gjaldkeri og lögsögumaður deildar eiga einnig sæti í framkvæmdaráði en án atkvæðisréttar.
2. Skyldur framkvæmdaráðs eru hliðstæðar og hjá landssambandinu, sbr. lið A2 hér á undan.
3. Framkvæmdaráð skal halda a.m.k. tvo fundi á ári og fleiri ef formaður óskar þess.
4. Mál telst því aðeins samþykkt að það hljóti atkvæði meirihluta allra atkvæðisbærra manna í ráðinu.

## 8. lagagrein – NEFNDIR

### A. Um nefndir

Landssamband og deild skal hvor um sig bera ábyrgð á starfssviðum alþjóðlegra nefnda í samræmi við lög alþjóðasamtakanna. Starfsskýrslur landssambands og deilda skal rita á eyðublöð frá alþjóðasamtökunum og senda á nafn sem tilgreint er á eyðublaði.

1. Landssamband og deildir mega skipa fastanefndir sem vinna í samræmi við fastanefndir alþjóðasamtakanna (sbr. handbók samtakanna).
2. Stofna má til vinnunefnda á vegum landssambandsins.
3. Skýrslur um störf fastanefnda skal skrá á þar til gerð eyðublöð og senda alþjóðasamtökunum.

### B. Fastanefndir

Landssambandið skal starfrækja eftirtaldar fastanefndir:

1. **Félagssvið**
  - a) Laganefnd
  - b) Útbreiðslunefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Uppstillingarnefnd
2. **Verkefnasvið**
  - a) Menntamálanefnd
  - b) Námsstyrkjanefnd
  - c) Útgáfunefnd

### C. Starfssvið fastanefnda

1. **Laganefnd**
  - a) Senda skal laganefnd allar tillögur um breytingar á lögum og alþjóðareglum. Nefndin skal gera tillögur til stjórnar um þær lagabreytingar er hún samþykkir. Forseti landssambandsins sendir tillögurnar til alþjóðasamtakanna.
  - b) Forseti landssambandsins skipar laganefnd
  - c) Lögsögumaður er ráðgefandi aðili nefndarinnar
2. **Útbreiðslunefnd**

## Delta Kappa Gamma – lög og reglugerðir

- Nefndin er skipuð af forseta/framkvæmdaráði og starfar samkvæmt ákvæðum í reglugerð.
3. **Fjárhagsnefnd**
    - a) Nefndina skipa forseti landssambandsins og fjórir kjörnir fulltrúar. Tveir skulu kosnir í senn til fjögurra ára þannig að á hverju landssambandsþingi eru kosnir tveir nefndarmenn. Í fyrsta sinn eru tveir fulltrúar kosnir til tveggja ára.
    - b) Fjárhagsnefnd skipuleggur ávöxtun sjóða og undirbýr fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir framkvæmdaráð.
  4. **Uppstillingarnefnd**

Nefndin er kosin á landssambandsþingi. Á kosningarári skal nefndin senda stjórn sambandsins fyrir miðjan febrúar lista yfir frambjóðendur til þeirra embætta sem kjósa á í.
  5. **Menntamálanefnd**

Nefndin gerir tillögur um verkefni í samræmi við stefnu alþjóðasamtakanna.
  6. **Útgáfunefnd**

Landssambandi og deildum er heimilt að gefa út blað eða stök fréttablöð.
  7. **Námsstyrkjanefnd**

Nefndin skal starfa samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

### D. Vinnunefndir

Heimilt er að stofna vinnunefndir fyrir einstök verkefni samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

## 9. lagagrein – STARFSSVIÐ

### A. Þing og fundir

#### 1. Landssamband

- a) Halda skal landssambandsþing á hverju oddatöluári. Fundarstaður og fundartími skulu ákveðnir af framkvæmdaráði. Heimilt er að halda aukaðing á milli lögbundinna þinga telji framkvæmdaráð ástæðu til.
- b) Á þinginu ræður meirihluti greiddra atkvæða þeirra sem skráðir eru þátttakendur.
- c) Allar félagskonur sem sækja landssambandsþing mega bera upp tillögur, taka þátt í umræðum og greiða atkvæði, nema í málum sem greitt er atkvæði um að viðhöfðu nafnakalli.
- d) Nafnakall
  1. Viðhafa skal nafnakall þegar atkvæði meirihluta viðstaddra er fyrir því eða fimm deildarformenn æskja þess.
  2. Deildarformaður eða fulltrúi hans skal greiða atkvæði fyrir deildina, eitt atkvæði fyrir fimm virkar félagskonur og aukafélagskonur í deildinni. Þrjár eða fjórar félagskonur sem afgangsverða skulu teljast sem fimm þegar þannig stendur á.

#### 2. Deild

Deild skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Kosningu í deild skal hagað samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

### B. Útgáfustarfsemi

Landssambönd og deildir mega gefa út fréttabréf og rannsóknagreinar og dreifa eftir því sem hentar á hverjum stað.

### C. Upplýsingatækni

Samtökin geta nýtt upplýsingatæknina til að auðvelda fundi og til að eiga samskipti við félagskonur.

## 10. lagagrein – SJÓÐIR

Sjóðir alþjóðasamtakanna DELTA KAPPA GAMMA.

#### 1. Félagssjóður

Félagssjóður eru í landssambandi og deildum og skal gera fjárhagsáætlun yfir tekjur og gjöld.

#### 2. Stofnsjóður landssambandsins

- a) Landssambandið skal hafa og viðhalda föstum sjóði, stofnsjóði.
- b) Leggja skal til hliðar og ávaxta  $\frac{1}{4}$  af inntöku- og félagsgjöldum þar til sjóðurinn er a.m.k. 30% af

## Delta Kappa Gamma – lög og reglugerðir

árstekjum sambandsins. Þegar því marki er náð er framkvæmdaráði heimilt að minnka eða hætta framlögum til sjóðsins.

- c) Tekjur af stofnsjóði (vextir og arður m.a. af skuldabréfum) má að fenginni samþykkt framkvæmdaráðs leggja í félagssjóð sambandsins.

### 3. Námsstyrkjasjóður

Til námsstyrkjasjóðs landssambandsins renna 4/5 hlutar námsstyrkjagjalds hverrar félagskonu (sbr. 4. gr. D). Einn fimmti hluti námsstyrkjagjaldsins rennur til alþjóðasamtakanna. Framkvæmdaráð getur ákveðið að afla tekna í sjóðinn með öðru móti. Framkvæmdaráð landssambandsins hefur umráðarétt yfir sjóðnum.

Kjósi deild að hafa eigin námsstyrkjasjóð skal hún halda 3/5 af námsstyrkjagjaldinu, sem innheimt er frá félögum. Landssambandið fær 2/5 og 5 Bandaríkjadali að auki. Heimilt er að afla sjóðnum tekna á annan hátt. Sjá enn fremur ákvæði í Handbók alþjóðasamtakanna.

## 11. lagagrein – LAGABREYTINGAR

### Tillögur að lagabreytingum

1. Fjórdi hvert ár skal athuga tillögur um lagabreytingar eða endurskoðun laga.
2. Aðferðir við að koma tillögum á framfæri:
  - a) Tillögur til lagabreytinga getur sérhver félagskona, nefndir, stjórn deildar eða landssamband sent formanni laganefndar sambandsins.
  - b) Laganefnd fjallar um tillögur sem henni berast og sendir þær landssambandsstjórn til afgreiðslu áður en þær eru lagðar fyrir alþjóðþing samtakanna. Stjórn tekur ákvörðun um hvort leggja skuli þær fyrir landssambandsþing.

## 12. lagagrein – FÉLAGSSLIT

Félagsslit eru í samræmi við landslög og samkvæmt ákvæðum í handbók alþjóðasamtakanna.

## 13. lagagrein – REGLUGERÐ

Landssambandið skal setja í reglugerð ákvæði um starfsreglur og mega þær hvorki stangast á við lög né aðrar gildandi reglur samtakanna.

### Reglugerð

### 1. gr. (3. lagagrein) – FÉLAGSKONUR

#### A. Aðild

Konur sem teknar eru inn í samtökin hljóta félagsréttindi í samræmi við ákvæði í lögum og reglugerð samtakanna.

#### B. Félagskonur

1. Virk félagskona er sú sem hefur hlotið inngöngu í deild samtakanna í samræmi við 3. gr. laganna kafla B1 og C1. Við val félagskvenna og inntöku skal taka mið af handbók Delta Kappa Gamma, kaflann um félaga og inntöku þeirra.

Taka skal væntanlega félagskonu inn í deild eigi síðar en ári eftir að henni hefur verið boðin þátttaka í samtökunum. Hún telst ekki félagskona í deild fyrr en formleg inntaka hefur farið fram.

2. Aukafélagskonum skv. 3. gr. laganna, kafla B2, er heimilt að sækja fundi og taka þátt í allri starfsemi deilda annarri en að gegna embættum.
3. Heiðursfélagar eru konur sem eru ekki eða hafa verið virkar félagskonur í samtökunum en hafa unnið mikilvæg störf á sviði fræðslumála.

### C. Kosning félagskvenna

Deildarfundur skal ræða fjölgun félagskvenna og fyrir hvaða svið fræðslumála vanti einna helst fulltrúa. Félagskonur í deild gera síðan tillögur um hvaða konum skal bjóða þátttöku. Greiða skal atkvæði um tillögurnar í leynilegri kosningu og ákveður hver deild hvernig kosningu skal hagað.

### D. Flutningur félagsréttinda

Félagskonur sem vegna breyttrar búsetu geta ekki sótt fundi í sinni deild er heimilt að sækja fundi annarra deilda. Félagskonum á ferðalagi og þeim sem dvelja fjarri heimili sínu er heimilt að sitja fundi annarra deilda, landssambanda eða svæðasambanda.

Óski félagskona eða aukafélagskona að skipta um deild vegna breytinga á búsetu getur stjórn deildar hennar mælt með inntöku hennar í aðra deild. Í samráði við formenn viðkomandi deilda og landssambandsforseta skal hún senda umsókn þess efnis til aðalstöðva samtakanna þar sem skýrt er hvers vegna hún óskar eftir að skipta um deild. Með umsókninni skal fylgja samþykki þeirrar deildar, sem sótt er um aðild að, að félagskonan sé velkomin í deildina.

### E. Missir félagsréttinda

Skv. lögum samtakanna missir félagskona félagsréttindi ef hún greiðir ekki tilskilin gjöld fyrir 31. október ár hvert. Ef félagskona hefur ekki greitt gjaldið fyrir tilskilinn tíma skal formaður deildar ræða við hana og hvetja hana til að greiða. Ef félagskona ákveður að ganga úr samtökunum skal úrsögn vera skrifleg.

### F. Inntaka félagskvenna að nýju

Tilkynna þarf landssambandsstjórn og alþjóðasamtökunum að félagskona hafi að nýju gengið í samtökin.

## 2. gr. (4. lagagrein) – FJÁRMÁL

### A. Árgjald

Skv. 4. gr. laganna, B. kafla, greiða félagskonur sérstakt **árgjald** fyrir hvert starfsár sem hefst 1. júlí og lýkur 30. júní ári síðar. Það skiptist svo:

1. Alþjóðasamband 16 dollarar frá virkum félagskonum og 6 dollarar frá aukafélögum. Af gjaldinu til alþjóðasamtakanna fara 3 dollarar til greiðslu á DKG News og The Delta Kappa Gamma Bulletin.
2. Árgjald til landssambandsins er samkvæmt ákvörðun landssambandsþings.
3. Árgjald til deildar er samkvæmt ákvörðun aðalfundar í hverri deild.
4. Námsstyrkjagjald er 1 dollari og skiptist þannig: Alþjóðasambandið fær 1/5 og landssambandið 4/5.

### B. Inntökugjald

Inntökugjald er 10 dollarar. Það skiptist þannig:

- |    |                |              |
|----|----------------|--------------|
| 1. | Deild          | 5,0 dollarar |
| 2. | Landssamband   | 2,5 dollarar |
| 3. | Alþjóðasamband | 2,5 dollarar |

Gjaldkeri hvernar deildar sér um að innheimta árgjald. Hann skal í byrjun starfsárs upplýsa félagskonur hvernig gjaldið skiptist skv. A-lið reglugerðarinnar. Innheimtu gjalda skal vera lokið fyrir 31. október ár hvert. Gjaldkeri hvernar deildar greiðir hlut alþjóðasamtakanna og landssambands til gjaldkera landssambandsins fyrir 10. nóvember ár hvert.

## 3. grein (5. lagagrein) – SKIPULAG SAMTAKANNA

### Skipulag landssambands

Landssambandið skiptist í deildir. Framkvæmdaráð landssambandsins ákveður umdæmi deilda. Stjórn landssambandsins skal kynna formönnum deilda ákvörðun framkvæmdaráðs um umdæmi nýrra deilda. Jafnframt skal stjórnin halda yfirlit yfir umdæmi allra deilda sambandsins svo og félagatal.

### **Stofnun nýrrar deildar**

1. Landssambandsstjórn felur útbreiðslunefnd, sbr. 6. grein reglugerðarinnar, að undirbúa stofnun deildar á grundvelli ákvörðunar framkvæmdaráðs um umdæmi deildarinnar. Alþjóðasamtökin leggja nýrri deild til stofnskrá. Deildin starfar skv. ákvæðum í lögum og reglugerð samtakanna á Íslandi og öðrum reglum sem deildin setur sér á grundvelli þeirra.
2. Landssambandsstjórn boðar til stofnfundar nýrrar deildar. Forseti landssambandsins og útbreiðslunefnd sitja stofnfundinn. Forseti stjórnar fundi og inntöku stofnfélaga sem skulu vera minnst 12. Að lokinni inntöku taka félagskonur deildarinnar við stjórn fundarins og ákveða frekari störf deildarinnar í samræmi við lög, reglugerð og handbók samtakanna.
3. Stjórn samtakanna sér um að útvega nauðsynleg gögn fyrir deildina, þ.e.a.s. kynningarrit, lög og reglugerð, handbók og félagskrá Delta Kappa Gamma á Íslandi.
4. Stjórnin sendir væntanlegum félagskonum boðsbréf samtakanna. Stjórnin sér einnig um að útvega hverjum stofnfélaga eftirtalin gögn: Kynningarrit um samtökin, lög og reglugerð, félagatal eigin deildar, nælu samtakanna, skírteini frá alþjóðasamtökunum og félagsskírteini.

## **4. grein (6. lagagrein) – KOSNING OG KJÖRGengi**

### **Landssamband**

1. Kjörgengir í embætti forseta landssambandsins eru fyrrverandi formenn deilda.
2. Allar félagskonur hafa kjörgengi í önnur embætti landssambandsins. Æskilegt er að embætti landssambandsins dreifist á deildir. Kosningar skulu vera leynilegar og þarf samþykki meirihluta atkvæða þeirra sem skráðar eru á landssambandsþingið. Heimilt er að láta stjórnarkjör fara fram skriflega.
3. Uppstillingarnefnd er kjörin á landssambandsþingi. Uppstillingarnefnd tilnefnir í laus embætti forseta, fyrsta varaforseta, annars varaforseta (heimild), ritara og bréfitara (heimild) og skilar tillögum til Landssambandsstjórnar fyrir 15. febrúar á kosningarári.
4. Framkvæmdaráð velur gjaldkera til tveggja ára.
5. Forseta er heimilt að óska eftir samþykki framkvæmdaráðs um tilnefningu í nefndir.
6. Kjósa skal á landssambandsþingi tvo endurskoðendur til tveggja ára.

### **2. Deild**

1. Uppstillingarnefnd fyrir stjórn deildar skal kjörin á deildarfundum a.m.k. mánuði fyrir aðalfund. Hún skal skila tillögum til stjórnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund.
2. Til þess að kosning teljist lögleg þarf frambjóðandi að hljóta meirihluta atkvæða þeirra sem sitja aðalfundinn.

## **5. grein (7. lagagrein) – FRAMKVÆMDARÁÐ**

### **Landssamband**

Forseti kallar framkvæmdaráð landssambandsins saman til fundar a.m.k. einu sinni á ári. Framkvæmdaráð skal gera tillögur um þau mál sem leggja skal fram á landssambandsþingi. Heimilt er að afgreiða mál bréflega, símleiðis eða með tölvupósti á milli funda. Landssambandsstjórn annast framkvæmd á samþykktum landssambandsþings og framkvæmdaráðs.

### **Deild**

Formaður deildar kallar framkvæmdaráð deildar saman til fundar a.m.k. tvisvar á ári. Heimilt er að afgreiða mál bréflega, símleiðis eða með tölvupósti milli funda. Framkvæmdavald er í höndum stjórnar deildar.

## **6. grein (8. lagagrein) – NEFNDIR**

### **A. Störf fastanefnda**

1. Hverja nefnd skipa a.m.k. þrjár félagskonur. Skipa skal formann en að öðru leyti skipta nefndirnar sjálfar með sér verkum. Heimilt er að hafa tengilið í þeim deildum sem ekki eiga fulltrúa í nefnd t.d. laganefnd og menntamálanefnd. Ákvörðun um tengilið er háð samþykki framkvæmdaráðs landssambandsins.
2. Ef nefnd gerir ráð fyrir útgjöldum vegna starfsemi sinnar skal hún gera fjárhagsáætlun og leggja hana

## Delta Kappa Gamma – lög og reglugerðir

fyrir fjárhagsnefnd, sem tekur afstöðu til hennar og getur tekið hana inn í fjárhagsáætlun landssambandsins. Reikningar nefnda, sem skulu vera í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun landssambandsins, skulu lagðir fyrir landssambandsstjórn til afgreiðslu.

3. Formenn fastanefnda gera skýrslur um störf nefndanna á þar til gerð eyðublað frá aðalstöðvum samtakanna og sjá um að senda skýrsluna þangað sem segir á eyðublaðinu.
4. Ef þörf er skyndiákvörðunar í nefnd má afgreiða málið bréflega eða með tölvupósti svo fremi allir nefndarmenn séu látnir vita. Meirihluti nefndar þarf að vera samþykkur ákvörðun.

### **B. Skipan og hlutverk fastanefnda**

Um hlutverk fastanefnda fer skv. handbók alþjóðasamtakanna.

#### **Félagssvið**

##### **1. Laganefnd**

Forseti landssambandsins skipar þrjár félagskonur í laganefnd til tveggja ára að fenginni tillögu framkvæmdaráðs. Lögsögumaður landssambandsins er ráðgefandi fyrir nefndina. Laganefnd skal annast þýðingu laga, fjalla um tillögur til lagabreytinga og koma þeim á framfæri. Einnig skal hún vinna að reglugerð og reglugerðarbreytingum. Reglugerðarákvæði skulu í engu brjóta í bága við lög alþjóðasamtakanna. Öllum er heimilt að gera tillögur um breytingar á reglugerð. Þær skulu sendar til laganefndar landssambandsins a.m.k. 90 dögum fyrir landssambandsþing. Laganefnd kannar hvort lagalegar forsendur eru fyrir tillögunum, mótar þær og sendir stjórn landssambandsins a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsþing. Forseti sendir síðan tillögurnar með dagskrá landssambandsþings. Tillagan telst samþykkt hljóti hún 2/3 hluta atkvæða skráðra þátttakenda á þinginu.

##### **2. Útbreiðslunefnd**

Landssambandsforseti skipar þrjár félagskonur í útbreiðslunefnd til tveggja ára að fenginni tillögu framkvæmdaráðs. Útbreiðslunefnd vinnur ásamt stjórn landssambandsins að undirbúningi að stofnun deilda, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Tillögum útbreiðslunefndar skal fylgja fjárhagsáætlun. Útbreiðslunefnd undirbýr og situr stofnfund nýrrar deildar sem landssambandsstjórn boðar til. Landssambandsforseti stjórnar fundi og inntöku nýrra félagskvenna.

##### **3. Fjárhagsnefnd**

Fjárhagsnefnd skipa landssambandsforseti og fjórir fulltrúar kosnir á landssambandsþingi. Tveir fulltrúar eru kosnir í senn til fjögurra ára þannig að á hverju landssambandsþingi eru kosnar tvær nefndarkonur. Fjárhagsnefnd gerir fjárhagsáætlun sem leggja skal fyrir framkvæmdaráð. Fjárhagsáætlun skal samþykkja á landssambandsþingi. Hún skal send út með fundarboði landssambandsþings. Gjaldkeri situr fundi nefndarinnar.

##### **4. Uppstillingarnefnd**

Uppstillingarnefnd skipa þrjár félagskonur kosnar á landssambandsþingi til tveggja ára. Nefndin gerir tillögur um frambjóðendur til

- a) landssambandsstjórnar
- b) fjárhagsnefndar
- c) uppstillingarnefndar

Uppstillingarnefnd skal senda bréf til allra deilda með ósk um tilnefningar í embætti eigi síðar en 1. desember fyrir kosningarár. Tilnefningar skulu berast uppstillingarnefnd fyrir lok janúar. Tilnefningum skulu fylgja skriflegar upplýsingar um starfsferil frambjóðenda. Uppstillingarnefnd skal vinna úr tilnefningum til embætta sem henni berast frá deildum og leggja fyrir stjórnina skrá yfir frambjóðendur sem stjórnin sendir út með fundarboði til landssambandsþings. Þegar stjórnarkjör fer fram skriflega skal einnig senda út kjörseðil. Hann þarf að berast aftur til stjórnar 4-5 dögum fyrir landssambandsþing.

#### **Verkefnasvið**

##### **5. Menntamálnefnd**

Landssambandsstjórn skipar menntamálnefnd til tveggja ára að fenginni tillögu framkvæmdaráðs. Í nefndinni situr einn fulltrúi frá hverri deild. Nefndin fjallar um verkefni sem snerta fræðslu- og menntamál, þ.m.t. löggjöf á sviði menntamála og gerir tillögur um sameiginleg viðfangsefni. Nefndin skal einnig annast miðlun gagna og fræðsluefnis til deilda.

## **6. Útgáfunefnd**

Landssambandsstjórn skipar þrjár félagskonur í útgáfunefnd til tveggja ára að fenginni tillögu framkvæmdaráðs. Nefndin annast útgáfu á blaði landssambandsins og heimasíðu í samráði við landssambandsstjórn.

## **7. Námsstyrkjanefnd**

Landssambandsstjórn skipar þrjár félagskonur í námsstyrkjanefnd til tveggja ára að fenginni tillögu framkvæmdaráðs. Hún hefur samvinnu við námsstyrkjanefndir alþjóðasamtakanna jafnframt því sem hún vinnur innanlands að því að efla áhuga félagskvenna á styrkveitingum. Þá fylgist hún með því hvaða námsstyrkir standa til boða og sendir upplýsingar þar um til deilda.

## **C. Vinnunefndir**

Landssambandsstjórn er heimilt að stofna vinnunefndir til að sinna ýmsum sérstökum verkefnum á starfstíma stjórnarinnar. Stjórnin ákveður sjálf hverjir sitja í nefndunum og hversu lengi þær starfa, en þær geta þó ekki starfað lengur en starfstímabil stjórnarinnar.

## **7. grein (9. lagagrein) – STARFSSVIÐ**

### **A. Landssamband**

1. Halda skal landssambandsþing á vormánuðum á hverju oddatöluári þar sem fram fara m.a. aðalfundarstörf skv. 3. lið. Fundarstaður og fundartími skal ákveðinn í framkvæmdaráði. Heimilt er einnig að halda aukaðing á milli lögbundinna þinga telji framkvæmdaráð ástæðu til.
2. Ákvörðun um stað og tíma landssambandsþings og aukaðinga skal tilkynna deildum með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Landssambandsþing skal boða skriflega með minnst mánaðar fyrirvara. Með fundarboði skal fylgja dagskrá þingsins og fundargögn s.s. tillaga uppstillingarnefndar um frambjóðendur í embætti, bráðabirgða reikningsskil, fjárhagsáætlun, tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar. Aukaðing skal boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara.
3. Á dagskrá aðalfundar á landssambandsþingi þurfa m.a. að vera eftirtalin atriði:
  - a) Kosning fundarstjóra
  - b) Kosning tveggja fundarritara
  - c) Skýrsla stjórnar – umræður
  - d) Reikningar lagðir fram – umræður
  - e) Árgjald ákveðið
  - f) Fjárhagsáætlun lögð fram – umræður
  - g) Kosning forseta landssambands
  - h) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands
  - i) Kosning í fjárhagsnefnd og uppstillingarnefnd
  - j) Kosning tveggja endurskoðenda
  - k) Lagabreytingar
  - l) Ályktanir og tillögur sem berast til landssambandsþings
  - m) Önnur mál

Á þinginu ræður meirihluti greiddra atkvæða skráðra þátttakenda.

4. Stjórn landssambandsins skal halda fundi a.m.k. tvisvar á ári. Forseti boðar til fundar. Heimilt er að afgreiða mál bréflega, símleiðis eða með tölvupósti á milli funda.

### **B. Deildir**

1. Deild skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Við kosningu og afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti viðstaddra fundarmanna, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar 2. tölulið.
2. Stjórn deildar skal halda minnst fjóra fundi á ári, þar af tvo í framkvæmdaráði.
2. Formaður skal senda forseta landssambandsins skýrslu um störf deildar síðastliðin tvö starfsár mánuði fyrir landssambandsþing.

## **8. grein (12. lagagrein) – FÉLAGSSLIT**

Samþykki landssambandsþings þarf til að leggja niður deild (félagsslit í deild). Fé deildar sem leyst er upp skal senda til landssambandsins. Hlutir deildar sem notaðir eru við inntökuathöfn, rit samtakanna, fundargerðir og nælur félagskvenna skulu einnig ganga til landssambandsins. Stofnskrána (charter) skal senda landssambandinu sem sendir hana áfram til höfuðstöðva alþjóðasamtakanna.

## **9. grein (13. lagagrein) – REGLUGERÐ**

1. Tillögur að reglugerð og reglugerðarbreytingum skal senda laganefnd til athugunar a.m.k. 90 dögum f. landsambandsþing og gerir hún tillögur til landssambandsstjórnar a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsþing.
2. Landssambandsþing tekur ákvarðanir um breytingar á reglugerð. Við afgreiðslu á landsambandsþingi þurfa reglugerðartillögur að hljóta 2/3 greiddra atkvæða þeirra sem skráðir eru á landsambandsþingið.